

Í KÁKASUS

Goðafræðin grískar segir frá því, hvernig Proméþeus var bundinn á klett í Kákasus og þjáður af illfygli nokkru, en hafði þó til þakka unnið en ekki þjáningar. Ýmsir hafa notað þessa sögu, og hér er enn svo gert, lítillega, sagt frá orðaskiptum við mann, sem kemur að heimsækja Proméþeus.

Komumaður: Sæll! Hvernig líður þér?

Proméþeus svarar ekki.

Komumaður: Fer ekki annars nógu vel um þig þarna á klettinum? Það er rólegt líf.

Proméþeus svarar ekki.

Komumaður (horfir á illfygilið): Fallegur fugl þetta! En það nef!

Proméþeus: Því hefir verið spáð, að fuglinn þessi muni bráðlega verða drepinn.

Komumaður (án áhuga): Nú!

Proméþeus: Ég sé að þú hefir þarna góðan boga; langar þig ekki til að flýta fyrir því, að spáin rætist?

Komumaður: Ég trúi ekki á spádóma! (Fer).

(Síðustu orðum Proméþeus er hér sleppt).

15. okt. '24.